

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu til ákvörðunar forseta Íslands um Icesave
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 6. janúar 2010


56% segjast styðja ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýju Icesave lög 42% segjast myndu staðfesta Icesave lög in í þjóðaratkvæðagreiðslu

Ríflegur helmingur svarenda (55,7%) segjast styðja ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýju Icesave lög in og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta eru töluvert færri en sögðust því fylgjandi að forsetinn synjaði lögnum og vísaði til þjóðaratkvæðagreiðslu í desember síðastliðnum (skv. könnun MMR fyrir Viðskiptablaðið). En þá voru 69,2% sem töldu að forsetinn ætti að synja nýjum Icesave lögum staðfestingar og vísa þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.


Litlu fleiri- eða 58,0% - segjast myndu kjósa á móti Icesave lögnum yrðu þau borin upp til kosninga í dag. Sem þýðir um leið að heil 42,0% svarenda segjast reiðubúin til að staðfesta lög in í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Áberandi andstaða er við ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki nýju Icesave lög in meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, en 76,3% þeirra kváðust ekki styðja ákvörðun forsetans. Á hinn bóginn voru 80,6% þeirra sem sögðust ríkisstjórninni andvígir sem kváðust styðja ákvörðun forsetans.

Styður þú ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýju Icesave lög in og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu?



Ef kosið yrði um nýju Icesave lög in í dag, hvort myndir þú kjósa með eða á móti?



Spurt var: Styður þú ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýju Icesave lög in og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu? og Ef kosið yrði um nýju Icesave lög in í dag, hvort myndir þú kjósa með eða á móti? Svarmöguleikar voru sem að ofan greinir ásamt því sem svarendur gátu valið 'veit ekki' eða 'vil ekki svara'. Samtals tóku 86,6% afstöðu til spurningar um ákvörðun forsetans og 72,2% tóku afstöðu til spurningar um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu.

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 877 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 5.-6. janúar 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.